

Grein: Byrjendalæsi, samfélagsfræði og náttúrufræði. Tímabil: 30. jan – 28. febrúar		Kennarar: BB, Lb, HD, EHE, KS.
Efnisþáttur úr ársáætlun Sjávarþema; fiskar og sjór		
Námsmarkmið	Viðfangsefni nemenda	Námsmat
<ul style="list-style-type: none"> Svarar munnlega spurningum úr lesnu efni. Spyr spurninga úr efnisgreinum. Getur skrifað texta á tölvu í Word forriti. Þekkir muninn á andheiti og samheiti. Getur gert einfalt hugtakakort um þekkt efni. Getur dregið rétt til stafs, þ.e. að skriftaráttin er frá vinstri til hægri, stafirnir snúa rétt og bil sé á milli orða. 	<p>Inntak texta:</p> <ul style="list-style-type: none"> Bókin <i>Gummi fer á sjó</i> lesin í umsjónarhópum (án mynda). Eftirfarandi orð útskýrð nánar: sjómannadagur, kjölur, ýta úr vör, sjávarmál, rúmsjór, fjörुकambur, utanborðsmótor, stafn, goggur, borðstokkur. Lykilorð einnig útskýrð: grásleppunet, sjómannadagur. Endurlestur bókar og myndum varpað upp á vegg. Bókin <i>Komdu og skoðaðu hafið</i> lesin og notuð til að dýpka skilning nemenda á þemanu. Inntak bókar rætt ítarlega, kennari spyr nemendur spurninga jafnhliða lestri. Bókin <i>Gummi fer í fjöruferð</i> lesin, kennari spyr nemendur spurninga úr bókinni. <p>Sundurgreinandi vinna:</p> <ul style="list-style-type: none"> Sóknarskrift; nemendur skrifa orð og/eða setningar á sérútbúið blað. Nemendur þurfa að sækja sér orð og setningar á ákveðinn stað og fara svo í sætið sitt og skrifa orðið. Skrift; nemendur skrifa orðskýringarnar á skriftarblað. Blaðamaður: Kennari/nemandi. Í kjölfarið vinna svo nemendur sjálfstætt, fá texta upp úr bókinni og búa til spurningar upp úr honum. Kúrekinn: Nemendur gera þrjú hugtakakort, draga saman og finna aðalatriði úr texta um sjó, fjöru eða fiska. Lykilorðavinna. Nemendur gera krossglímu með lykilorðinu <i>Sjómannadagur</i>. Nemendur finn orð í orð og orð úr orði, úr lykilorðinu <i>grásleppunet</i>. Verkefni í samheiti og andheiti úr sjó og fiskum 	<p>Nemendur metnir út frá munnlegum spurningum upp úr bókinni <i>Gummi fer í fjöruferð</i>.</p> <p>Nemendur í 3. bekk eru metnir verklega í tölvutíma hvort þeir geti skrifað texta í tölvu.</p> <p>Verkefni tengt andheiti og samheiti metið.</p> <p>Hugtakakort metin sem unnin eru í sundurgreinandi vinnu.</p>

	<ul style="list-style-type: none"> • Söngstöð. Nemendur syngja lög tengd sjó og fiskum. <i>Eitt sinn fór hún Stína litla á sjó og Kvöldsígling.</i> • Nemendur skapa lífríki í sjó í formi veggmyndar. • Nemendur horfa á fræðslumyndband um fiska og hafið. • Nemendur heimsækja fiskibúð/fiskvinnslufyrirtæki til að fræðast um fiska • Tölvur: Unnið með fingrasetningu og að skrifa orð úr bókinni í Word. <p>Enduruppbygging:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Veggspjald. Nemendur vinna í paravinnu. Þeir velja sér fisk, afla sér upplýsinga í texta og gera hugtakakort. Í kjölfarið búa þeir sér til veggspjald. • Frjáls ritun. Nemendur skrifa sögu út frá mynd. 	
<p>Námsefni/Bjargir: Gummi fer á veiðar með afa, Gummi fer í fjöruferð og Komdu og skoðaðu hafið.</p>		